

**Skýrsla Orkustofnunar til
lðnaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði**

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lðnaðarráðuneytið

OS-2009/010

Skýrsla Orkustofnunar til
lænaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á
húshitunarkostnaði

Benedikt Guðmundsson

Unnið fyrir lænaðarráðuneytið

OS-2009/010

978-9979-68-272-1

Skýrsla nr.: OS-2009/010	Dags.: 26. janúar 2010	Dreifing: Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/> Skilmálar:
Skýrsla Orkustofnunar til iðnaðarráðuneytisins um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði	Upplag: 12	
	Fjöldi síðna: 15	
Höfundar: Benedikt Guðmundsson	Verkefnisstjóri: Benedikt Guðmundsson	
Gerð skýrslu / Verkstig:	Verknúmer:	
Unnið fyrir: Iðnaðarráðuneyti		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur:		
Lykilorð:	ISBN-númer: 978-9979-68-272-1	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfifarið af: Guðna A. Jóhannessyni	

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	7
2	NÍÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2008.....	7
2.1	Almennar niðurgreiðslur	7
2.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva	8
2.3	Eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna	8
2.4	Smávirkjana- og varmadæluverkefni	9
2.5	Orkusparnaðaráttak	9
2.6	Umsjón og rekstur Orkustofnunar	10
2.7	Niðurstaða ársins 2008	10
3	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2009	10
3.1	Almennar niðurgreiðslur	10
3.2	Stofnun nýrra hitaveitna / vistvænna orkuöflunar.....	11
3.3	Smávirkjanir og varmadæluverkefni	12
3.4	Jarðhitaleit á köldum svæðum.....	12
3.5	Orkusparnaðaráttak	12
3.6	Rekstur Orkustofnunar.....	13
3.7	Endurskoðuð áætlun ársins 2009	13
3.8	Niðurstaða:	13
4	ÁÆTLAÐAR NÍÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2010.....	14
4.1	Almennar niðurgreiðslur forsendur.....	14
4.2	Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva	14
4.3	Stofnun nýrra hitaveitna	14
4.4	Smávirkjanir og varmadæluverkefni	15
4.5	Jarðhitaleit á köldum svæðum.....	15
4.6	Orkusparnaðaráttak	15
4.7	Rekstur Orkustofnunar.....	15

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983-2008 á verðlagi í árslok 2008 m.v. vísitölu neysluverðs

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1:	Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.	8
Tafla 2:	Þróun dreifi- og flutningskostnaðar á raforku.....	8
Tafla 3:	Eingreiðslur til hitaveitna.....	9
Tafla 4:	Niðurstaða ársins 2008.....	10
Tafla 5:	Upphafleg og endurskoðuð áætlun ársins 2009.....	11
Tafla 6:	Eingreiðslur til hitaveitna.....	11
Tafla 7:	Ný hitaveituverkefni á árinu 2009.....	12
Tafla 8:	Endurskoðuð áætlun ársins 2009.....	13
Tafla 9:	Áætlun skipting niðurgreiðslna 2010.....	14
Tafla 10:	Aukin fjárför vegna eingreiðslna til hitaveitna.....	14


1 INNGANGUR

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Orkustofnun er samkvæmt lögum frá 2002 falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til iðnaðarráðherra. Í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar frá 2008 um niðurgreiðslur til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu. Þar er einnig að finna upplýsingur um sérstakar aðgerðir með sama markmiði þ.e. niðurgreiðslur á olúhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna, smávirkjanir og varmadælur, jarðhitaleit á köldum svæðum og svo kallað orkusparnaðaráttak. Skýrslan inniheldur einnig með sama hætti endurskoðaða áætlun fyrir árið 2009 og áætlun fyrir árið 2010. Skýrslan var gerð í nóvember 2009 og endurskoðuð í byrjun árs 2010 að ósk ráðuneytisins.

2 NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2008

2.1 Almennar niðurgreiðslur

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði 22,8 milljörðum króna á núvirði til lækkunar á húshitunarkostnaði þeirra íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1983-2008 á verðlagi í árslok 2008 m.v. vísitölu neysluverðs.

Í töflu 1 má sjá hvernig niðurgreiðslur skiptast milli þéttbýlis, dreifbýlis og RO –veitna þ.e. hitaveitna sem nota rafmagn eða olú til hitunar. Á fjárlögum ársins 2008 var gert ráð fyrir 1.136 m.kr. til fjárlagaliðar 11-373.

Ár 2008	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HSV	Rafveita Reyðarfjarðar	OR	Norðurorka	Samtals m.kr.
Rafhitun þéttbýli	237,1	67,2	15,5	27,4	4,0	2,2	353,5
Rafhitun dreifbýli	353,2	38,3	4,6	0	0	0	396,1
Rafhitun frá RO-veitu	35,5	87,2	75,3	0	0	0	198,0
Samtals m.kr.	625,8	192,7	95,4	27,4	4,0	2,2	947,6

Tafla 1: Skipting niðurgreiðslna þéttbýli, dreifbýli og RO-veitur í millj. kr.

Í töflu 2 má sjá þróun dreifi- og flutningskostnaðar þeirra raforkufyrirtækja sem fá niðurgreiðslur í kr/kWst án vsk.

	Rarik Þ	Rarik D	OV Þ	OV D	HS	OR	Rafveita Reyðarfjarðar	Norðurorka
1.1.2005 Dreifi- og flutningskostnaður	2,51	2,99	2,3	3,21	2,92	3,16	2,36	2,9
1.1.2005 Niðurgreiðsla	2,72	3,2	2,51	3,42	3,13	3,37	2,57	3,11
Hlutfall niðurgreiðslna af dreifikostnaði %	108	107	109	107	107	107	109	107
1.1.2009 Dreifi- og flutningskostnaður	3,73	5,01	3,37	4,66	3,54	3,70	3,22	3,40
Hlutfall niðurgreiðslna af dreifikostnaði %	73	64	74	73	88	91	80	91

Tafla 2: Þróun dreifi- og flutningskostnaðar á raforku

Hlutfall niðurgreiðslna hefur breyst mismikið eftir dreifiveitusvæðum. Í upphafi voru niðurgreiðslur 0,21 kr./kWst. hærri en dreifikostnaður á hverju dreifiveitusvæði. Í árslok 2008 var þetta hlutfall komið niður í 64% af dreifikostnaði þar sem verst var en annarsstaðar var það allt að 90% af dreifikostnaði. Orkustofnun hefur lagt til að niðurgreiðslur verði sama hlutfall af dreifikostnaði á hverju svæði og lagt fram tillögur þar að lútandi. Þær eru útlistaðar nánar síðar í skýrslunni.

2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2008 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 10,7 millj. kr. auk þess sem greiða þurfti 1,5 millj. kr. vegna ársins 2007. Olíuverð var í hámarki þetta ár og þar að auki bættust við með olíuniðurgreiðslu nokkrir sem höfðu fallið út þar sem þeir höfðu ekki staðið skil á gögnum um olíunotkun. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 4,7 millj. kr. á árinu 2008 auk þess sem greiddar voru 1,3 millj. kr. vegna ársins 2007. Í beinar niðurgreiðslur fóru því samtals: 965,8 millj. kr.

2.3 Eingreiðslur til stofnunar hitaveitna eða stækkunar eldri veitna

Miklar hitaveituframkvæmdir áttu sér stað á árinu 2007 og 2008 sem kallaði á mikil útgjöld í formi eingreiðslna til hitaveitna. Mikill uppsafnaður vandi hefur verið að myndast í kerfinu og samþykkti Alþingi fjárukalög að upphæð 151 millj. kr. til að leysa þann vanda sem fyrir var.

Stofnstyrkir til hitaveitna 2008				
Veita	Eftirstöðvar ársbyrjun 2008 þkr.	Áætlun 2008 þkr.	Eftirstöðvar eftir greiðslu 2008 þkr.	Greiðsla fjáraukalögum
Hitaveita Eskifjarðar	21.912	21.912	0	
Skagafjarðaveitur v/ Akrahrepps	23.294	23.294	0	
Skagafjarðaveitur v/ Hofsóss	42.160	25.000	17.160	39.000
Skagafjarðarveitur v/ sunnan Steinsstöðum.	4.423	4.167	256	
Hitaveita Rangæinga	900	900	0	3.000
Hitaveita Flúða	7.900	3.000	4.900	5.000
Norðurorka v/ Eyjafjarðarsvæði	12.866	8.670	4.196	60.000
Norðurorka/Reykjaveita. Grenivík	102.133	10.000	92.133	13.000
Hitaveita Dalvíkur	32.000	10.000	22.000	2.309
Rarik Siglufirði	5.309	3.000	2.309	12.000
Hitaveita Miðengi		0	0	737
Hitaveita Flóahrepps	16.645	8.000	8.645	3.000
Alls	269.542	117.943	151.599	138.046

Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna

Fjáraukalögin fyrir árið 2008 gerir það að verkum að nú er hægt að greiða að fullu þær skuldbindingar sem skapast höfðu vegna hitaveituvæðingar á rafhituðum svæðum.

2.4 Smávirkjana- og varmadæluverkefni

Það verkefni sem sett var í gang, samhliða setningu laga um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði, um hagkvæmni smávirkjanna og varmadæla er að mestu lokið. Smávirkjanaverkefnið skilaði sér í umsóknum frá yfir 60 aðilum vítt og breytt um landið sem fengu aðstoð við að kanna hagkvæmni þess að virkja ár og læki í þeirra nánasta umhverfi. Ekki hafa margir farið alla leið og virkjað að lokinni undirbúningsvinnu og geta ýmsar ástæður legið þar að baki. Hinsvegar situr eftir töluverð sem gagnast við frekari vinnu. Í undirbúningi er að senda öllum þátttakendum bréf og fá upplýsingar um stöðu mála hjá hverjum og einum. Varmadæluverkefnið byrjaði hægt en undanfarin tvö ár hefur aukin áhersla verið lögð á það með þátttöku í tilraunaverkefnum sem stýrt hefur verið af Orkusetri en fjármagnað af niðurgreiðslufjárveitingunni.

2.5 Orkusparnaðaráttak

Til orkusparnaðaraðgerða er heimilt að veita 1% af fjárveitingu hvers árs til niðurgreiðslna sem jafngildir tæpum 11 millj. kr. vegna ársins 2008 sem Orkusetur á Akureyri ráðstafaði í samvinnu við Orkustofnun og iðnaðarráðuneytið. Meðal verkefna á árinu var aðkoma að varmadæluverkefnum og uppsetning vefviðmóts þar sem notendur geta kannað orkunotkun sína. Þá var sett á laggirnar tilraunaverkefni til bættar einangrunar húsa og fengu nokkrir einstaklingar styrk og árangurinn verður metinn á næstu árum.

2.6 Umsjón og rekstur Orkustofnunar

Orkustofnun fékk á árinu rúmar 15 millj. kr. vegna umsjónar með niðurgreiðslum til húshitunar. Umsýslukostnaður vegna dreifingar orku í dreifbýli færast sérstaklega eins og verið hefur.

2.7 Niðurstaða ársins 2008

Samkvæmt töflu 4 eru útgjöld í samræmi við þá fjármuni sem til ráðstöfnunar eru á árinu en vakin skal athygli á því að ekki tókst að uppfylla allar óskir um eingreiðslur til hitaveitna og þörfin var um 110 millj. kr. hærrí en hægt var að greiða. Ráðuneytið setti á útgjaldalistann 12 millj. kr. framlag vegna samnings um virkjun í Möðrudal á Fjöllum, sem ekki hefur fengist staðfesting á hvort fór af fjárlagalið 11-373, sem meðal annars skýrir af hverju fjárlagaliðurinn var ekki nýttur að fullu.

Niðurstaða ársins 2008. Fjárlagaliður 11-373	1.135.000.000
RARIK	625.851.510
Orkubú Vestfjarðar	192.671.605
Hitaveita Suðurnesja Vestmannaeyjar	95.403.150
Rafveita. Reyðarfjarðar	27.439.605
Orkuveita Reykjavíkur	4.081.391
Norðurorka	2.240.494
Niðurgreiðslur vegna olíuhitunar og einkarafstöðva	18.258.811
Eingreiðslur til hitaveitna	117.943.201
Jarðhitaleit.	15.000.000
Orkusparnaður	11.350.000
Smávirkjanir og varmadælur	1.974.390
Umsjón og eftirlit Orkustofnunar	15.524.816
Samtals útgjaldaliðir	1.127.738.973

Tafla 4: Niðurstaða ársins 2008

3 ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2009

3.1 Almennar niðurgreiðslur

Orkustofnun hefur endurskoðað áætlun ársins 2009 m.t.t. þeirra verkefna sem lágu fyrir og þeirra sem hafa bæst við á þessu ári vegna breytinga á lögum um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði.

Fjárlagaliður 11-373 Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	Fjárlaga.frv. 1	1.285,0			Breytingar til hækkunar eða lækkunar
	Fjárlaga. frv. 2	1.176,6	Áætlun 2009	Endurskoðað 2009	
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	RARIK		617,5	616,8	-0,7
	Orkubú Vestfjarðar		195	196,2	1,2
	Hitaveita Suðurnesja		95	95,8	0,8
	Rafveita Reyðarfjarðar		26,4	27,7	1,3
	Orkuveita Reykjavíkur		4,4	4,4	0,0
	Norðurorka		0,5	0,5	0,0
Samtals til beinna niðurgreiðslna			938,8	941,3	2,5

Tafla 5: Upphafleg og endurskoðuð áætlun ársins 2009

Þær breytingar sem hafa orðið á áætluninni tengjast lagabreytingum sem voru gerðar á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði en þær voru helstar þessar:

- Framlag til orkusparandi aðgerða var hækkað úr 1% í 3%
- Eingreiðslur til orkusparandi aðgerða sem jafnframt lækkar niðurgreiðslustuðul hjá notanda í takt við fyrirhugaðan sparnað

Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna, sem og til þeirra sem hita með olíu eða nýta raforku frá eigin rafstöð, er á áætlun. Eingreiðslur til hitaveitna munu skila sér að fullu og væntingar um að það verði hverfandi sem situr eftir um áramótin. Önnur eingreiðsluverkefni fóru það seint af stað og má gera ráð fyrir að ekki takist að ná að afgangi alla þá sem eru í startholunum með að hefja aðgerðir fyrir áramót.

3.2 Stofnun nýrra hitaveitna / vistvænna orkuöflunar

Í upphafi ársins 2009 voru fyrirliggjandi skuldbindingar upp á 203,9 millj. kr. frá árunum 2007 og 2008 vegna lagningar hitaveitna á svæðum sem áður voru rafhituð. Til að mæta þessari fjárförf lagði Alþingi til á fjárukalögum 2008 framlag að upphæð 151 millj. kr. Í ljósi efnahagsþrenginga hefur orðið minna úr hitaveituframkvæmdum á árinu 2009 en áætlanir stóðu til um og fyrir vikið skapaðist svigrúm til að leggja fjármuni til verkefna sem snúa að orkusparnaði við húshitun. Í töflu 6 má sjá hvernig staða mála var gagnvart eingreiðslum til hitaveitna í lok ársins 2008 ásamt þeim hugmyndum sem í gangi voru um verkefni á árinu 2009. Endurskoðun hefur leitt í ljós að fjármunir til verkefna sem snúa að vistvænni orkuöflun sem leiðir til lægri orkunotkunar eru örlítið lægri en ráð var fyrir gert í upphafi árs, sem stafar að mestu af þeirri breytingu sem ákveðin var með lögum um aukið framlag til orkusparnaðarátaks en það var áður 1% af niðurgreiðslufjármuninum en er nú 3%.

Eingreiðslur til hitaveitna	Áætlun 2009	Endurskoðuð áætlun 2009
Uppsöfnuð þörf í árslok 2008	203,9	203,9
Fjárukalög 2008	151,0	151,0
Fjárförf	52,9	52,9
Áætlun ársins 2009	44,0	25,0
Samtals eingreiðsluþörf 2008 og 2009	96,9	77,9
Til ráðstöfun á árinu 2009 skv. áætlun	196,0	169,9
Til orkusparandi verkefna	99,1	92,0

Tafla 6: Eingreiðslur til hitaveitna

Nú þegar hefur Orkustofnun greitt út megnið af þeim fjármunum sem höfðu safnast upp frá fyrri árum vegna hitaveituframkvæmda og stefnt er að lokauppgjöri vegna áranna 2007 og 2008 í október n.k. Þá stendur útaf þau verkefni sem nú eru í gangi og talin eru upp í töflu 7. Orkustofnun gerir samt ráð fyrir að útgjöld geti orðið meiri en fram kemur í töflu 7 þar sem vitað er af minniháttar verkefnum sem brátt fer að ljúka og beiðni verður send um styrk vegna þeirra.

	Eingreiðsla	Jarðhitaleit styrkur	Nettó greiðsla
Yfirtaka Hitaveita IÐA	3.072.000	0	3.072.000
Hitaveita Grímsnes- og Grafningshreppur	3.287.450	0	3.287.450
Hitaveita Hala Suðursveit	6.921.523	-4.500.000	2.421.523
Hitaveita Hólar Króksfjarðarnes	550.000	0	550.000
Hitaveita Selfoss	5.947.520	0	5.947.520
	19.778.493	-4.500.000	15.278.493

Tafla 7: Ný hitaveituverkefni á árinu 2009

Niðurstaðan er því sú að 92 millj. kr. er tiltækar í “orkusparandi verkefni” og áætlað Orkustofnun að þörf sé á allt að 50 millj. kr. til þeirra. Þegar eru beiðnir um styrki, vegna nokkurra verkefna, komin í hús og er búist við verulegri fjölgun þegar verkefnið hefur verið kynnt hlutaðeigendum. Það jafngildir því að við verðum með u.þ.b. 100 verkefni tengd varmadælum og öðrum úrræðum sem leiðir til minni orkunotkunar við rafhitun.

3.3 Smávirkanir og varmadælur

Þeir fjármunir sem til ráðstöfunar eru var ákveðið að verja til endurútgáfu á handbók um litlar vatnsaflsvirkjanir. Nokkrir kaflar handbókarinnar eru úreltir, sérstaklega hvað varðar lagaramman og leyfismál. Einnig var ákveðið að gefa út handhægan bækling þar sem aðalatriði handbókarinnar kæmu fram.

3.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er iðnaðarráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2009 var ákvörðun ráðherra samkvæmt ráðleggingum Orkustofnunar að leggja ekkert til jarðhitaleitar til þess að geta staðið frekar við fyrri skuldbindingar gagnvart hitaveitum.

3.5 Orkusparnaðarátak

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem farið var af stað með fyrir tveimur árum ásamt verkefnum tengdum varmadælum og bættri orkunýtingu. Á árinu 2009 var m.a. styrkjum vegna endurbóta á húsnaði sem leiða til lækkunar á hitunarkostnaði, úthlutað og fylgst verður með hvaða árangri það skilar á næstu árum. Milli 70 og 80 aðilar sóttu um styrk og fengu um 50 manns styrk frá Orkusettri. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr þessu verkefni en ráðgert er að fylgjast með þeim breytingum sem verða á orkunotkun þessara aðila á næstu árum.

3.6 Rekstur Orkustofnunar

Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins fær Orkustofnun 14 m.kr. árið 2009 vegna umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði.

3.7 Endurskoðuð áætlun ársins 2009

Orkustofnun gerir minni háttar breytingar á upphaflegri áætlun fyrir árið 2009. Beinar niðurgreiðslur lækka örlítið en minna en vonast var til, þar sem olúniðurgreiðslur ársins hafa hækkað mikið. Þá virðist vera hægt að greiða meira til hitaveitna en ráð var fyrir gert og til annarra verkefna sem leiða til minni raforkunotkunar við húshitun.

Fjárlagaliður 11-373 Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	Fjárlaga frv. 1	1.285,0	Áætlun 2009	Endurskoðað 2009	Breytingar til hækkunar eða lækkunar
	Fjárlaga frv. 2	1.176,6			
	RARIK		617,5	616,8	-0,7
	Orkubú				
	Vestfjarðar		195	196,2	1,2
	Hitaveita				
	Suðurnesja		95	95,8	0,8
	Rafveita				
	Reyðarfjarðar		26,4	27,7	1,3
	Orkuveita				
	Reykjavíkur		4,4	4,4	0,0
	Norðurorka		0,5	0,5	0,0
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna					
Samtals til beinna niðurgreiðslna			938,8	941,3	2,5
Til annarra verkefna innan fjárlagaliðarins			237,80	235,28	-2,5
Niðurgreiðslur v/olíuhitunar og einkarafstöðva			12,5	12,5	0,0
Orkusparnaðaráttak 1% (breyta í 3%)			11,7	35,3	23,6
Varmadælur og smávirkjanir			3,6	3,6	0,0
Umsjón og eftirlit Orkustofnunar*			14,0	14,0	0,0
Jarðhitaleit			0	0,0	0,0
Stofnstyrkir til hitaveitna			96,9	77,9	-19,0
Átaksverkefni (orkusparandi verkefni)			99,1	92,0	-7,1
Samtals:			1.176,6	1.176,6	0,0

Tafla 8: Endurskoðuð áætlun ársins 2009

3.8 Niðurstaða

Allar líkur eru á því að fjárlagaliðurinn 11-474 verði ekki fullnýttur á árinu og kemur þar helst til að áform um stórar hitaveituf framkvæmdir, sem stóð til að fara í, voru lögð til hliðar. Einnig hefur dregist að koma verkefni, sem tengist vistvænni orkuöflun, af stað af óviðráðanlegum orsökum sem og að hið erfiða efnahagsumhverfi hefur haldið aftur að notendum.

4 ÁÆTLAÐAR NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2010

4.1 Almennar niðurgreiðslur forsendur

Samkvæmt frumvarpinu til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir að upphæð fjárlagaliðar 11-373 verði lækkaður um 130 millj. kr. og verði 1.099 millj. kr. að teknu tilliti til verðbóta. Orkustofnun hefur skipt liðnum samkvæmt töflu 9.

Fjárlagaliður 11-373	Áætlun 2010 þ.kr.
Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði	950.000
Niðurgreiðslur v/olíuhitunar og einkarafstöðva	12.500
Orkusparnaðaráttak allt 3% (nýta allt að 2%)	33.000
Umsjón og eftirlit Orkustofnunar (nauðsynlegt að hækka vegna aukins kostnaðar)	17.000
Jarðhitaleit allt að 5% (ekkert nýtt á þessu ári)	0
Stofnstyrkir til hitaveitna allt að 20% (aðeins gert ráð fyrir minniháttar verkefnum hjá hitaveitum)	86.500
Samtals:	1.099.600

Tafla 9: Áætluð skipting niðurgreiðslna 2010

Aðstæður í þjóðfélaginu gerir það að verkum að við fyrstu sýn virðist þetta ætla að duga fyrir væntanlegum útgjöldum. Ef hinsvegar aðstæður batna má búast við að hitaveitur fari af stað með verkefni sem þegar hafa verið undirbúin.

Almennar niðurgreiðslur til RARIK lækka vegna hitaveituvæðingar á árunum 2008 og 2009. Aðrar dreifiveitur standa að mestu í stað og má ætla að hámarkinu sé náð á Reyðarfirði þar sem fjöldi íbúða hefur tvöfaldast á skömmum tíma. Hinsvegar ber þess að geta að örfá prósent til eða frá í spá um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði breyta niðurstöðunni verulega.

4.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Eins og áður er nefnt þá hækkaði gasolía til húshitunar verulega á árinu 2008. Hún hefur verið að lækka á undanförunum vikum og er gert ráð fyrir í áætluninni að niðurgreiðslur til hitunar húsa með gasolíu og niðurgreiðslur til þeirra sem eru með heimarafstöðvar lækki um 3,5 millj. kr. á milli ára.

4.3 Stofnun nýrra hitaveitna

Neðanskrað verkefni eru óstaðfest en hafa verið í umræðunni hjá hitaveitum. Samkvæmt áætlun Orkustofnunar eru 86,5 m. kr. til ráðstöfunar í hitaveitur og verkefni tengd vistvænni orkuöflun.

Veita	Áætlun 2010	Athugasemd
Hitaveita frá Blönduósi til Skagastrandar	141,2	
Norðurorka v/ Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar fremri	40,0	Óútreiknað en áætlað
Hitaveita Miðengi	5,0	Óútreiknað en áætlað
Orkuveita Reykjavíkur hitaveitur á Suðurlandi	12,0	Óútreiknað en áætlað
Hitaveita Egilsstöðum	21,2	Útreiknað
Samtals til greiðslu 2010 til 2012	219,4	Ef af framkvæmdum verður

Tafla 10: Aukin fjárþörf vegna eingreiðslna til hitaveitna

Mikill og vaxandi áhugi er fyrir uppsetningu á varmadælum í dreifbýlinu og standa væntingar til þess að verkefnið geti skipt sköpum varðandi notkun olíu til hitunar á svæðum þar sem nú er kynt með olíu og rafmagn framleitt frá díselstöðvum. Verði að veruleika á næsta ári.

4.4 SmávirkJanir og varmadælur

Þegar lög um niðurgreiðslur voru samþykkt á Alþingi árið 2002 voru ákvæði til bráðabirgða tengd smávirkjunum og varmadælum. Þeim þætti er nú lokið með endurútgáfu á handbók um litlar vatnsaflsvirkjanir, þátttöku Orkustofnunar í verkefninu “Orkubóndinn” og breytingum á lögum sem gerir varmadælur að áhugaverðum kosti á köldum svæðum þar sem orkunotkun er veruleg. Þá hefur Orkustofnun haft áhuga á að einfalda frumathugun á virkjanakostum í samvinnu við Vatnamælingar Veðurstofunnar með gerð rafræns kort þar sem tengt er saman afrennsliskort, hæðalínukort og nýta svokallaða GIS tækni til að áætla mögulega virkjanastærð.

4.5 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna umfram beinar niðurgreiðslna af fjárlagaliðnum. Hinsvegar er löngu tímabært að fara yfir jarðhitaleit á undanförunum 10 árum og endurmeta stöðuna. Orkustofnun er með í undirbúningi tillögur sem kynntar verða ráðuneytinu í upphafi árs 2010.

4.6 Orkusparnaðaráttak

Áfram verður unnið að þeim verkefnum sem Orkustofnun og Orkusetur hafa sameinast um. Þau helstu eru styrkir til bættrar einangrunar, ýmis verkefni tengd mismunandi gerð varmadæla við mismunandi aðstæður, tilraunir með sparperur við gróðurhúsálýsingu sem og önnur minni verkefni.

4.7 Rekstur Orkustofnunar

Hingað til hefur Orkustofnun fengið 14 m.kr. til umsjónar og eftirlits með niðurgreiðslum. Frá miðju árinu 2008 hefur Orkustofnun haft umsjón með útborgunum af fjárlagalið 11-373 sem áður var í ráðuneytinu og hefur Orkustofnun endurmetið kostnað þann sem stofnunin hefur af verkefninu og telur eðlilegt að hann hækki í 17 millj. kr. Orkustofnun þarf að greiða rekstrarfélagi Orkustofnunar, sem sér um sameiginleg málefni stofnananna, svo sem bókhald, starfsmannamál, rekstur tölvukerfis, húsnæðis og matstofu, fyrir umsjón með útborgunum og uppgjöri og er það reiknað út frá fjölda færslna. Þá hefur dregist að uppfæra gagnagrunn niðurgreiðslukerfisins sem hefur breyst verulega á undanförunum árum með öllum þeim breytingum á töxtum og samsetningu veitunúmera dreifiveitna.

Akureyri 23. nóvember 2009